

FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2001-02

Fundartími: Þriðjudagur 6. mars 2001 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. **Raforkunotkun ársins 2000.**
 2. **Fréttatilkynning um raforkunotkun 2000.**
 3. **Notkunarflokkar raforku 2000.**
 4. **Aflþörf raforkukerfisins 2000.**
 5. **Breytt skipulag raforkugeirans.**
 6. **Vinna Afls fyrir raforkuhópinn og taxtar.**
 7. **Önnur mál.**
-

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ólafur Pálsson
Guðmundur Guðmundsson
Ívar Þorsteinsson
Guðmundur Valsson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

1. JV dreifði töflum úr raforkuspánni þar sem hann hafði bætt inn notkun ársins 2000 en afltölur eru ekki komnar. Hann benti sérstaklega á frávík eftir landshlutum frá spánni sem kom út 1997. Frávík er orðið nokkuð á höfuðborgarsvæðinu en hafa ber í huga að í

endurreikningi hefur notkunin á því svæði verið aukin.

2. JV dreifði fréttatilkynningu um raforkunotkun sem send var til fjölmiðla um miðjan síðasta mánuð. Hann sagðist hafa lagfært hana í samræmi við það sem rætt var á síðasta fundi. Ágætt frétt koma á síðu 2 í Morgunblaðinu þar sem tekin voru nokkur atriði úr fréttatilkynningunni. JV sagðist ekki hafa tekið eftir að aðrir fjölmiðlar hafi vitnað í fréttatilkynninguna. GV benti á að það mætti einnig setja á heimasíðu nefndarinnar vísanir í erlendar orkuspár þannig að þeir sem væru að skoða t.d. fréttatilkynninguna gætu einnig skoðað erlendar upplýsingar.
3. JV sagðist vera búinn að fá notkunarflokkka ársins 2000 frá Landsvirkjun, Rafveitu Hafnarfjarðar, Akranesveitu, Rafveitu Sauðárkróks, Norðurorku, Bæjarveitum Vestmannaeyja og Selfossveitum. Þeir sem ættu eftir að senda inn notkunina væru Hitaveita Suðurnesja, Orkuveita Reykjavíkur, Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Húsavíkur og Rafveita Reyðarfjarðar. ÍP sagði að það væri komin maður hjá hugbúnaðarfyrirtækinu sem setti upp nýja sölukerfið að útbúa notkunarflokkana. Hann sagði að það gæti verið að gögnin fyrir síðasta ár yrðu ekki nógu góð vegna breytinga á sölukerfum en það yrði að koma í ljós. GG sagði að nú hefðu notkunarflokkarnir hjá Rarik verið teknir út úr ABBAS en næst kæmu þeir frá nýju innheimtukerfi og þá ætti að gera þetta á annan hátt með að setja fasteignanúmer á alla notendur og flokka þá eftir svæðum út frá því.
4. JV sagðist einungis vera búinn að fá aflagögn fyrir Nesjavelli. GG sagði að Rarik gögnin ættu að vera tilbúin.
5. Rætt var um nýtt skipulag í raforkugeiranum og sagði JV að frumvarpið yrði lagt fram á næstunni. Í athugasemdum með frumvarpinu er gert ráð fyrir að Orkuspárnefnd starfi áfram. Huga þarf að því hverjir eiga að eiga sæti í raforkuhópnum og taldi JV að eðlilegt gæti verið að flutningsfyrirtækið hefði formennsku í hópnum. Eiga einungis fulltrúar frá einokunarþáttunum að eiga sæti í hópnum eða einnig frá vinnslu og sölu? Fundarmenn ætla að hugleiða þetta fyrir næsta fund.
6. JV sagði að taxtar verkfræðistofunnar AFLs hefðu hækkað um 9,1% í febrúar vegna nýs kjarasamning milli Félags ráðgjafarverkfæðinga og stéttarfélaga. JV sagðist hafa verið á lægri taxta í verkum fyrir Orkuspárnefnd en í öðrum verkefnum vegna athugasemda sem hópurinn gerði við taxtahækkun fyrir nokkrum árum. Hann sagðist vita að ýmsar verkfræðistofur væru með hærri taxta í verkefnum fyrir orkufyrirtækin og sagðist vilja vera með sama taxta fyrir Orkuspárnefnd og aðra viðskiptavinum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 3. apríl 2001.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Tölur úr raforkuspá með raforkunotkun ársins 2000. (JV)
- Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 2000.